

3. gr.

52

7. maí

Áburðurinn er ekki útvegaður og seldur öðrum en hrepps- og bæjarfjelögum, búnaðarfjelögum, samvinnufjelögum bænda og kaupmönnum. Heimilt er að leggja á áburðinn alt að 2%. Það skal vera undantekningarlaus regla, að áburðurinn sje greiddur við móttöku. Að öðru leyti setur ríkisstjórnin, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands, reglur um rekstur verslunarinnar.

4. gr.

Rekstrarfje til verslunar þessarar, svo og allan annan kostnað við framkvæmd laga þessara, greiðir ríkissjóður.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorru konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

LÖG

53

7. maí

um

heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta tekju- og eignarskatt með 25% viðauka.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til þess að innheimta til ársloka 1930 allan tekjuskatt og eignarskatt samkvæmt l. nr. 74, frá 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt, l. nr. 2 frá 26. mars 1923, um breyting á l. nr. 74 frá 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt, og

53 1. nr. 39 frá 4. júní 1924, um breyting á l. nr. 74 frá 27. júní 1921, 7. maí um tekjuskatt og eignarskatt, með viðauka að upphæð 25%, þannig að skattur hvers gjaldanda hækkar um fjórðung.

2. gr.

Árstekjur einstaklinga, sem ekki nema 4000 kr., skulu undanþegnar þessum viðauka við tekjuskattinn.

3. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1929.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús J. Kristjánsson.

54
7. maí

L Ö G

um

Menningarsjóð.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Menningarsjóður. Tilgangur hans er að styðja almenna menningu í landinu, rannsókn íslenskrar náttúru og þróun þjóðlegrar listar. Til sjóðsins falla árlega allar tekjur af seldu áfengi, hverju nafni sem nefnist, sem ólöglega er flutt til landsins og upptækt gert af rjettvísinni, allar tekjur af seldum skipum, sem af samskonar ástæðu hafa verið gerð upptæk, svo og allar sektir